

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um umhverfismat.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

1. Hverju munar á framkvæmd umhverfismats annars staðar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi annars vegar og hins vegar hér á landi, hvað varðar:
 - a. lengd á heildartímaramma matsins,
 - b. reglur um tímamörk einstakra þátta matsins meðan á matsferlinu stendur og
 - c. viðurlög, ef tímamörk standast ekki af hálfu annars hvors eða beggja aðila?
2. Hvernig hafa tímamörk opinberra aðila við mat á umhverfisáhrifum staðist frá árinu 2003? Óskað er eftir sundurliðaðri töflu sem sýnir upphaf tímafrests í einstökum tilvikum, hversu langur hann var, eða er, ef ferlið er enni í gangi, og hvenær endanleg niðurstaða lá fyrir, eða mun liggja fyrir, ef matinu er ekki lokið þegar unnið er að svari við fyrirspurn þessari.
3. Hvaða reglur gilda um útgáfu starfsleyfa á Íslandi, annars staðar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi til fyrirtækja sem tengjast mati á umhverfisáhrifum meðan á umhverfismatsferli stendur?

Skriflegt svar óskast.